


# LOFTUR

## Loftamálning

**Gerð:** Vatnsþynnt almött akrýlmálning.

**Notkunarsvið:** Ætluð til málunar á loftum og öðrum snertilausum flötum þar sem óskað er eftir almattri áferð. Hentar í stofur, herbergi, skrifstofur og fleira.

**Eiginleikar:** Vatnsþynnanleg akrýlmálning ætluð á loft innanhúss. Oftast er hún notuð við nýmálun eða þegar endurmálaðir eru fletir sem áður hafa verið málaðir með plastmálningu. Umhverfisvæn málningin sem er svo til lyktarlaus, gefur jafna áferð og er fljótþornandi.

SVANSMERKIÐ
1096 0025

Varan uppfyllir kröfur:
BREEAM International New Construction 2016
-Hea 2: Interior paints and coatings - Exemplary level

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

SLIPPFÉLAGIÐ

## TÆKNILEGAR UPPLÝSINGAR

| | |
|---|---|
| **Stofnar:** | HVÍTUR |
| **Litir:** | Hægt að lita í ljósa liti. |
| **Gljástig:** | Almatt (2) |
| **Efnisnotkun:** | 8-10 $m^2$/l |
| **Pakkningar:** | 1, 4 og 10 lítrar |
| **Áhöld:** | Pensill, rúlla eða háþrýstisprauta. |
| **Þurrktími og yfirmálun:** | Snertiþurrt eftir um 1 klst.<br>Yfirmálun eftir um 2-4 klst. allt eftir aðstæðum. |
| **Eðlismassi:** | 1,4 g/ml |
| **Þurrefni (rúmmál):** | Um 40 % |
| **Geymsla:** | Geymið í lokuðum umbúðum á dimmum og svölum stað. Má ekki frjósa.<br>Eftir opnun skerðist geymsluþol. |
| **VOC:** | Skv. reglugerð 1025/2005 þá eru viðmiðunarmörk VOC fyrir þessa vöru fl. A/a 30 g/l.<br>Varan inniheldur að hámarki 1 g/l |

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.

# VERKLÝSING

| | |
|---|---|
| **Notkunar aðstæður:** | Hitastig flatar skal vera yfir 5°C og helst ekki heitari en 25°C. Loftraki skal vera undi 80%. Við mjög lágan loftraka getur málningin þornað of hratt sem hefur neikvæð áhrif á áferð. |
| **Undirbúningur:** | Undirlag skal vera þurrt og hreint fyrir málun. Gljáandi, laust bundið og duftsmitandi yfirborð skal fjarlægja t.d. með slípun. Grunnið með Fylligrunni eða öðrum viðeigandi grunni. Áður málaða fleti skal þrífa með Málningarhreinsi og skola vandlega með vatni. |
| **Málun:** | Fyrir notkun skal hræra upp í málningunni. Notið sama framleiðslunúmer til að klára hverja umferð. Málið eina til tvær umferðir eftir þörfum. |
| **Þynnir:** | Vatn, allt að 10% til að auðvelda vinnslu.<br>Ekki skal geyma þynnta málningu. |
| **Umhverfi:** | Verndum umhverfið: Skafið málningu af áhöldum fyrir hreinsun. Hreinsið með volgu vatni strax eftir notkun. Skilið afgöngum og tómum umbúðum á næstu endurvinnslustöð. |
| **Athugið:** | Full þvottheldni næst eftir 4 vikur. Við þvott getur orðið gljáabreyting, til að jafna gljáann getur þurft að þvo allan flötinn.<br>Góð undirvinna er jafnan forsenda góðs árangurs. |

Upplýsingar þessar eru samkvæmt okkar bestu vitund.
Enga ábyrgð eða tryggingu fyrir árangri er þó unnt að gefa,
þar eð skilyrði við notkun eru utan takmarka okkar umráða.